



Fundargerð

Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps þriðjudaginn 1. okt. 2019, kl. 17:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Íris Ósk Sigþórsdóttir hönd leikskóla, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldra auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- 1. Skólaferðalög:** Skólastjóri gerði grein fyrir kostnaði Reykhólaskóla vegna skólaferðalaga. Nefndin leggur til að skólastjóri leiti allra leiða til að fá stuðning vegna ferðanna.
Lagt til að sveitarstjórn taki þessi mál til sérstakrar skoðunar með það fyrir augum að skólanum verði tryggt fjármagn vegna ferða 7. og 9. bekkjar til Reykjaskóla og Laugarvatns.
- 2. Erasmus - styrkumsókn:** Jóhanna Ösp gerði grein fyrir styrkumsókn til Erasmus vegna ungmennapings á Vestfjörðum.
- 3. Fjárhagsáætlun:** Rætt um fjárhagsáætlun og vinnuna við hana. Forstöðumenn hafa lagt fram tillögur til fjárhagsáætlunar sem verða teknar til fyrri umræðu í sveitarstjórn 15. okt. n.k. í kjölfarið fari nefndin yfir tillögurnar með viðkomandi forstöðumönnum.
- 4. Tvöföld skólavist:** Lagt fram leiðbeinandi álit Sambandsins um tvöfalda skólavist.
- 5. Bréf frá starfsmönnum leikskóla:** Farið yfir kvartanir og ábendingar frá starfsmönnum við leikskólann. Rætt ítarlega. Skólastjóra falið að svara bréfiturum.

Farið yfir fundargerðina og hún undirrituð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
